

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 37/2010 um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Bláskógabyggð samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu, blátunnu og græntunnu og miðast við stærð þeirra fláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>	<i>Græntunna</i>
240 l ílát	17.120 kr.	4.568 kr.	4.568 kr.
660 l ílát	34.220 kr.	9.128 kr.	9.128 kr.
1.100 l ílát	51.320 kr.	13.688 kr.	13.688 kr.

Grátunna: söfnun á 21 daga fresti.

Blátunna: söfnun á 42 daga fresti.

Græntunna: söfnun á 42 daga fresti.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Bláskógabyggð, íbúðarhúsnæði, frístunda- húsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilis- úrgangs, annars en garðaúrgangs, timburs og spilliefna, sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ári ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Íbúðarhúsnæði	20.252 kr.
Frístundahúsnæði	17.455 kr.
Lögbyli	12.407 kr.
Atvinnuhúsnæði	45.045 kr.

4. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við m^3 þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Húsráðanda er heimilt að afsetja heimilisúrgang allt að $1 m^3$ án gjaldtöku. Gjaldtakan er að lágmarki $0,25 m^3$ og hleypur á $0,25 m^3$ eftir það.

Móttökugjald á einn m^3 2.000 kr.

5. gr.

Gjaldtaka þjónustuverktaka.

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð sé aldrei hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 1. desember 2016 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 8. desember 2016. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 16/2016 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

Bláskógabyggð, 14. desember 2016.

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2016